FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

428. fundur

fimmtudaginn 15. október 2026 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 12:00.

Mætt voru:
Guðmundur Jóhann Jónsson, Kristín M. Thoroddsen, Friðjón R. Friðjónsson, Gylfi Þór Þorsteinsson, Birkir Guðlaugsson, Elísabet I. Einarsdóttir. Guðný María Jóhannsdóttir boðaði forföll.

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) sem ritaði fundargerð

Tekið fyrir:

1. Langtímaskuldir Strætó.
2. ASHB og Strætó.
3. Innra eftirlit hjá Strætó, kynning
4. Fjárhagsáætlun 2027 og 2028.
5. Fjármál Strætó.

1. Langtímaskuldir Strætó

Framkvæmdastjóri fór yfir langtímaskuldir Strætó í efnahagsreikningi félagsins og áhrif meðhöndlun þeirra við lok félagsins. Minnisblaðið er hluti af aðgerðaráætlun sem verið er að stilla upp vegna slita Strætó. Ákveðið var að taka saman stutt minnisblað um skuldir, afborganir þeirra, áætlaða stöðu þegar núverandi starfsemi Strætó verður slitið þannig að eigendur séu vel upplýstir um stöðu mála.

2. ASHB og Strætó

Framkvæmdastjóri og stjórnarformaður fóru yfir stöðu funda með fulltrúum ASHB, Strætó, ríkis og sveitarfélaga úr stýrihópi um rekstur almenningssamgangna. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu eignmats á eignum sem ASHB mun taka yfir og aðilaskipti aksturssamninga við verktaka. Rætt um sjóðsflæði, stöðu sjóðs og erfiðleika er tengjast fyrirhugaðri endurgreiðslu á 365 m.kr. er tengist síðasta rekstrarári. Stjórn fól stjórnarformanni og framkvæmdastjóra að vinna málin áfram og leita lausna í samræmi við umræður á fundinum.

3. Innra eftirlit

Framkvæmdastjóri lagði fram skýrslu um innra eftirlit hjá Strætó og kynnti helstu aðgerðir sem unnið er með til að draga úr áhættu á öllum sviðum félagsins. Farið yfir áhættustýringarskjal Strætó og mælaborð stjórnar.

4. Fjárhagsáætlun 2027 - 2028

Framkvæmdastjóri kynnti nýjustu drögin og stöðuna í fjárhagsáætlanagerð Strætó. Helstu breytingar frá áður kynntum drögum eru að Reykjavíkurborg hefur sem eigandi húsnæðis Strætó boðað umtalsverða hækkun á húsaleigu frá næstu áramótum. Þegar fjárhagsáætlunin er fullunnin og hefur verið kynnt stjórn mun framkvæmdastjóri óska eftir eigendafundi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 03.11.2026

5. Fjármál Strætó

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna og annað tengt fjármálum Strætó er tengist yfirfærslu verkefna á milli Strætó og ASHB.

Fundi slitið kl. 13:25

Guðmundur Jóhann Jónsson	Friðjón R Friðjónsson
Kristín M. Thoroddsen	Birkir Guðlaugsson.
Gylfi Þór Þorsteinsson	Elísabet I. Einarsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 03.11 2026